

2. Hvor aðili um sig má segja samningi þessum upp með því að tilkynna það hinum aðilanum skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

2. This Agreement may be denounced by either Party upon giving three months' written notice to the other Party.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Reykjavík 27. nóvember 1981 í tvíriti á ensku.

Done at Reykjavík on 27 November 1981 in duplicate in the English language.

F. h. ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands:

Ólafur Jóhannesson

For the Government of the Republic of Iceland:

Ólafur Jóhannesson

F. h. ríkisstjórnar Lýðveldisins Cabo Verde:

Silvano da Luz

For the Government of the Republic of Cape

Verde:

Silvano da Luz

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um félagslegt öryggi.

Með orðsendingum danska utanríkisráðuneytisins til sendiráða Norðurlanda í Kaupmannahöfn 30. nóvember 1981 og svarorðsendingum sendiráðs Íslands 14. desember 1981, sendiráðs Finnlands 10. s. m., sendiráðs Noregs 3. s. m. og sendiráðs Svíþjóðar 9. s. m. var gengið frá samkomulagi um að Norðurlandasamningur frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi tæki gildi 1. janúar 1982. Samningurinn er birtur með auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 16/1981. Samningurinn hefði annars tekið gildi 1. febrúar 1982 í samræmi við 2. mgr. 37. gr. hans.

Við gildistöku samningsins falla úr gildi Norðurlandasamningur frá 15. september 1955 um félagslegt öryggi ásamt síðari breytingum og Norðurlandasamningur frá 6. febrúar 1975 um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. desember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.